

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vegalögum nr. 6 27. mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni, nr. 92 5. febrúar 1981.

Samgönguráðuneytið, 7. júní 1983.

Matthías Bjarnason.

Halldór S. Kristjánsson.

GJALDSKRÁ

fyrir heimilisþjónustu á Akureyri.

1. gr.

Fyrir heimilisþjónustu á vegum Félagsmálastofnunar Akureyrar skal neytandi greiða fyrir hverja unna klukkustund í samræmi við eftirfarandi gjaldstiga.

1. taxti kr. 20,00.

2. taxti kr. 70,00.

2. gr.

Greiðslutaxti neytanda ákvarðast af mánaðarlegum tekjum hans. Samkvæmt 1. taxa greiðir einstaklingur sem hefur mánaðarlega minni tekjur en svarar til tvöfalds einstaklingslífeyris almannatrygginga auk tvöfaldrar tekjutryggingar, svo sem upphæðir þessar eru í þeim mánuði, sem heimilisþjónustan fer fram. Hafi einstaklingur hærri tekjur mánaðarlega en þessu nemur skal hann greiða eftir 2. taxa. Hjón og sambýlisfólk er nota heimilisþjónustu greiði eftir 1. taxa, hafi þau lægri mánaðartekjur en svarar til 1.5 földum lífeyri hjóna með tekjutryggingu, en skv. 2. taxa ella.

3. gr.

Félagsmálaráði er heimilt að víkja frá gjaldskrá þessari, ef þar að lútandi umsókn berst ráðinu og aðstæður krefjast þess.

4. gr.

Breytingar á gjaldstiga þessum skulu ákveðnar af félagsmálaráði Akureyrar en staðfestar af bæjarstjórn og félagsmálaráðuneyti.

5. gr.

Heimilisþjónusta, sem innt er af hendi eftir 1. maí 1983, skal greidd skv. gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Akureyrar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 20. maí 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.